



Hlutverk og ábyrgð skoðunarmanna

Haustráðstefna Félags viðurkenndra bókara

Af hverju skiptir bókhald máli í nútímasamfélagi?



Notað af fjárfestum, lánveitendum, birgjum og öðrum notendum ársreikninga til að taka ákvarðanir um útdeilingu fjármagns (fjárhagsbókhald)

Notað af skattfyrvöldum til að ákvarða skattstofna (skattbókhald)

Notað af stjórnendum til að taka ákvarðanir í rekstri (rekstrarbókhald)

Bókhaldið er sá grundvöll sem réttar upplýsingar um afkomu og fjárhagslega stöðu félaga byggja á og stuðlar þannig að gegnsæi og trausti í viðskipum og á fjármálamarkaði

Tvíhliða bókhald er enn í dag grunnurinn að nútíma bókhaldi og gerir okkur kleift að halda utan um flókin viðskipti



Debit og kredit – jafnvægi í öllum færslum

Tryggir samræmi á milli eigna skulda, tekna og gjalda

Tvíhliða bókhald er sá grunnur sem nútíma fjármálakerfi byggjast á og tryggir að við höfum „réttar“ upplýsingar um flókin viðskipti og atburði

Án kerfis sem getur skráð og haldið utan um viðskipti væru þau lífskjör sem við búum við í dag ekki til staðar

Rétt fært bókhald er grundvöllur gagnsæis og trausts í viðskiptum

Hvað er ársreikningur og hver er tilgangurinn með gerð ársreiknings



Hvað á fyrirtækið, hvað skuldar það, hverjar eru tekjurnar og hver eru gjöldin

Ársreikningur inniheldur fjárhagslegar upplýsingar úr bókhaldi viðkomandi félags og á að gefa heildarmynd af fjárhagsstöðu og rekstri þess

Notendur eru fjárfestar, lánveitendur og aðrir kröfuhafar, viðskiptavinir, starfsmenn, stjórnvöld og aðrir haghafar

Ársreikningur er tæki sem er notað við að taka ákvarðanir

Hvað er skoðunarmaður og hvaða hlutverki gegnir hann þegar kemur að bókhaldi og ársreikningi




Skoðunarmaður er hæfur og óháður fagaðili sem hefur það hlutverk að staðfesta hvort að viðkomandi ársreikningur gefur glögg mynd eður ei

Skoðunarmaður verður að hafa verið kosinn til starfsins á hluthafafundi og einnig þarf að tilkynna fyrirtækjaskrá um að viðkomandi hafi verið kosinn til þess

Skoðunarmaður er „gatekeeper“ sem á að tryggja að ársreikningur innihaldi ekki verulegar rangfærslur

Hvað er það sem skoðunarmaður á að gera og hvað felst í staðfestingu hans á ársreikningi



Skoðunarmaður hefur það hlutverk að kanna bókhald félagsins og önnur gögn sem varða stöðu þess og meta hvort að ársreikningur uppfylli ákvæði viðeigandi laga, reglugerða og settra reikningskilareglna

Skoðunarmaður þarf að meta hvort að ársreikningur gefi glögga mynd eða ekki

Skoðunarmaður þarf að uppfylla hæfisskilyrði ársreikningalaga til að geta sinnt starfi sínu. Hann þarf því að búa yfir viðeigandi þekkingu og reynslu á bókhaldi og viðskiptaháttum með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins

Skoðunarmanni ber að upplýsa um verulegar rangfærslur ef hann verður var við þær í starfi sínu

Af hverju verður skoðunarmaður að vera óháður stjórnendum og eigendum félagsins?



Sömu skilyrði um óhæði gilda um skoðunarmenn og gilda um endurskoðendur

Skoðunarmaður má ekki vera í hagsmunatengslum við félagið, eigendur þess eða stjórnendur

Trúverðugleiki staðfestingar skoðunarmanns á ársreikningi byggist á óhæði, bæði í reynd og í ásýnd

Ef óhæði er ekki til staðar er trúverðugleiki ársreikningsins heldur ekki til staðar sem þýðir að notendur reikningsins geta ekki treyst þeim upplýsingum sem þar koma fram

Hver er ábyrgð skoðunarmanns þegar kemur að vinnu við staðfestingu ársreiknings



Skoðunarmaður ber ábyrgð á því að haga störfum sínum með þeim hætti að þær athuganir sem hann framkvæmir séu nægjanlegar og faglegar

Skoðunarmaður getur bakað sér skaðabótaábyrgð vegna stórfellds gáleysis eða ef hann tekur að sér verkefni sem hann hefur ekki þekkingu til að gegna

Skoðunarmaður getur bakað sér refsíábyrgð;

- með að taka að sér yfirferð ársreiknings án þess að uppfylla skilyrði laganna um hæfi,
- ef hann hagar störfum sínum andstætt ákvæðum ársreikningalaga, eða
- með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar í staðfestingu sinni

Hver eru líkleg áhrif gervigreindar (AI) á störf bókara, skoðunarmanna og eftirlitsaðila



Gervigreind mun hafa mikil áhrif á störf bókara, skoðunarmanna og eftirlitsaðila í náinni framtíð

Atriði sem gervigreind mun leysa af hólmi svo sem við flokkun færslna og reikninga mun leiða til minna handverks og aukinna krafan til þekkingar og færni bókara í tæknimálum

Hún mun styðja við störf skoðunarmanna við mat á áhættu og greiningu á frávikum og mynstrum í gögnum

Gerir okkur mögulegt að skanna stór gagnasöfn í stað þess að taka úrtök og bera kennsl á óeðlileg mynstur og áhættu

Fyrirhugaðar lagabreytingar; lög um um bókhald og möguleg áhrif á skoðunarmannakerfið



Lög um bókhald eru yfir þrjátíu ára gömul og um margt úrelt

Þau taka ekki tillit til þróunar í tækni, svo sem um skýjalausnir og fleira

Frumvarp um breytingar á lögum um bókhald hefur verið í vinnslu á síðustu þremur árum og ef allt gengur eftir er mögulegt að það verði lagt fram á næsta haustþingi

Breytingarnar fela meðal annars í sér uppstökkun á skoðunarmannakerfinu eins og við þekkjum það

Takk fyrir